

Fréttarit mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar ✚ 🌀 🌙 ♀ 🧑 🧑 🌟 🚧 🧑 🌐 ♿ 💵 ❤️ 🏥



Fjölmenningarþing Reykjavíkur- borgar var haldið í Borgarleik- húsinu í annað sinn laugardaginn 10. nóvember og voru þátttak- endur á annað hundrað talsins. Jón Gnarr, borgarstjóri, setti þingið og sagði það mikilvægan vettvang fyrir innflytjendur og borgina til skoðanaskipta. Framlag inn- flytjenda til lífsins í borginni væri mikilvægt og því nauðsynlegt að leita til þeirra sem þekkja málefnið af eigin raun. Einnig afli borgin sér, upplýsinga um hvernig styrkja megji þjónustu við þennan hóp borgarbúa.

Að lokinni setningu voru pallborðsumræður. Þeir sem sátu í pallborði voru einstaklingar af erlendum uppruna sem ræddu um reynslu sína af því að setjast að hér á landi. Því næst tóku við hringborðsumræður á 8 tungumálum þar sem þátttakendur lýstu skoðunum sínum á ýmsum hliðum sem varða aðgengi innflytjenda að upplýsingum og þjónustu. Niðurstöður þingsins verða kynntar í byrjun næsta árs. Í lok dags tók Lay Low lagið og danshópurinn Swaggerific dansaði.

19. júní lagði forseti borgarstjórnar, Elsa Hrafnhildur Yeoman, blóm-sveig að leiði Brietar Bjarnhéðins-dóttur fyrirverandi bæjarfulltrúa og kvenréttindakonu og ávarpaði gesti. Með athöfninni var þess minnst að 19. júní 1915 fengu íslenskar konur 40 ára og eldri kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Briet átti ríkan þátt í að koma á réttarbótum konum til handa og efla þannig lýðræðis-samfélagið. Þetta var falleg stund í Hólavallarkirkjugarði og setti íslenski fáninn og bleikar blóðrur svip sinn á athöfnina.

LJOSMYNDASDIK EFTIRIÐ HAFIRI TITELSKOÐSTÖR
 RYFJUNARJÓÐSIN 9. Desember, Seðlabankagarður 10.5.50
 (Ljósmyndasafn)

KOMUÐ RYFJA A HUNDRÉTITLI

MYNDIRIN A JÓ VILJA
 RYFJA A
 HUNDRÉTITLI
 OG BÆIR VÍÐ RYFJA

Hérna hefur komið: Ríkisráðgjafar og Ríkisráðgjafar

ad auðvelda borgarbúum að sækja rétt sinn ef þeir telja á sér brotið.
Slóð síðunnar er <http://mannrettindi.reykjavik.is>



Ljósmyndasamkeppni – Komum mynd á mannréttindi

Ljósmyndastofa efndi til ljósmyndasamkeppni á fésbókarsíðu Reykjavíkurborgar sl. sumar. Markmið keppinnar var að vekja athygli á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, mannréttindum almennt og mikilvægi þess að borgarbúum sé ekki mismunað. Í dómnefnd sátu Bjarni Jónsson fulltrúi í mannréttindaráði, Elsa Hrafnhildur Yeoman forseti borgarstjórnar og Pjetur Sigurðsson ljósmyndari. Fyrstu verðlaun voru veitt til Friðriks Halldórs Kristjánssonar fyrir myndina *Það þurfa ekki allir að vera eins*. Myndin sýnir okkur að þrátt fyrir að öll séum við mismunandi þá eigum við rétt á að njóta sömu mannréttinda. Í fyrstu verðlaun voru 150.000 krónur. Myndin hefur verið notuð á veggspjald til kynningar á mann-



Frá verðlaunaafhendingu í Ráðhúsi Reykjavíkur. Margrét Kristín Blöndal varaformaður mannréttindaráðs, Gísli Hjálmar Svendsen, Magnús Einþór Áskelsson sem tók við verðlauninum fyrir hönd Friðriks Halldórs Kristjánssonar, Gunnar Marel Hinriksson og Bjarni Jónsson fulltrúi mannréttindaráðs í dómnefnd.

réttindum og mannréttindastefnu borgarinnar. Mannréttindaskrifstofa þakkar öllum þeim sem tóku þátt og óskar vinningshöfum innilega til hamingju.

Alþjóðlegt ljóðaspjall

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur buðu íslenskum og erlendum skáldum sem búsett eru á Íslandi í svokallað alþjóðlegt ljóðaspjall (Intercultural Poetic Dialogue). Markmiðið var ekki einungis að kynna þessi erlendu skáld, heldur ekki síður að auka skilning á fjölmenningsunni sem finna má á Íslandi og að skapa brú milli menningarheima. Skáldin tóku þátt í þríggjá daga þýðingasmíðju þar sem þau kynntust, lásu hvert fyrir annað og ræddu um

mismundandi sýn á ljóðlist og heiminn. Afrakstur verkefnisins var svo kynntur á upplestrardagskrá í Tjarnarbíói sem hluti af dagskrá Fjölmenningsdagsins í Reykjavík. Ljóðskáldin sem tóku þátt í verkefninu eru Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (Ísland), Elías Portela (Galisía/Ísland), Björn Kozempel (Þýskalanda), Harutyun Mackoushian (Armenía), Juan Camilo Román Estrada (Kólobía), Kári Tulinius (Ísland), Mazen Maarouf (Palestína) og Þórdís Björnsdóttir (Ísland). Smíðustjóri var Björn Kozempel.



Mazen Marouf

Tryggð

Eftir að hafa starað á línurnar í lófa sínum góða stund
Valdi hann eina þeirra
Línu sem virtist fingerðari en allar hinar
Hann dró hana yfirvegað úr lófa sínum
Yfirvegað
Til að stoppa með henni í gamalt sár í hinum lófanum

Ljóð eftir Mazen Marouf – þýðing SJÓN.



Fjölmenningsdagur í fjórða sinn

Mikill mannfjöldi sótti fjölmenningsdaginn í ár. Dagurinn hófst með setningu á Skólavörðuholti þar sem Jón Gnarr borgarstjóri flutti ræðu. Að því loknu fór skruðganga af stað áleiðis að Ráðhúsi Reykjavíkur. Fjöldi fólks tók þátt í göngunni og klæddist þjóðbúningum hinna ýmsu landa og lúðrasveit í broddi fylkingar spilaði tónlist frá ýmsum heims-hornum. Þegar í Ráðhúsið var komið hófst fjölþjóðlegur markaður í Tjarnarsal þar sem gestir og gangandi gátu kynnt sér menningu hinna ýmsu þjóðlanda og á boðstólum voru þjóðlegir réttir, listmunir og annar varningur. Í Tjarnarbíói var boðið upp á



fjölbreytt skemmtiatriði, Sirkus Íslands, hip hop dans, tælenskan dans, litháískan kórsöng og múltíkúlti danssýningu og alls konar! Gleði og litadýrð eru einkenni fjölmenningsdagsins og má með sanni segja að hann hafi öðlast sess í hugum borgarbúa enda setur hátíðin skemmtilegan blæ á borgarlífið. Fjallað var um fjölmenningsdaginn á heimasíðu bandarísku fréttastofunnar CNN. Í frétt CNN segir að dagurinn sé haldinn til þess að fagna fjölmenningsunni í borginni. Fréttinni fylgja myndir frá Ráðhúsinu, og segir jafnframt að fjöldi fólks hafi sótt hátíðina og kynnt sér framandi menningu.





Barbara Jean Kristvinsson



Joanna Marcinkowska

Þjónusta við innflytjendur í Reykjavík

Bergvin Oddson, sumarstarfsmaður mannréttindaskrifstofu settist niður og spjallaði við Barböru Jean Kristvinsson og Joannu Marcinkowska

Mikill fjöldi innflytjenda hér í Reykjavík og vill Reykjavíkurborg hlúa vel að þeim. **Mannorð** settist niður með þeim Barböru og Joannu nýverið og ræddi við þær um stöðu innflytjenda í borginni og spurði meðal annars hvaða þjónustu borgin væri að veita innflytjendum og hvað borgin gæti gert betur til þess að þjónusta þennan hóp.

Hversu margir innflytjendur eru í borginni?

Alls eru um 11 þúsund innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu og þar af eru 3 þúsund Pólverjar. Kynjahlutfallið er nokkuð jafnt og hefur fjöldi innflytjenda haldist nokkuð svipaður síðastliðin ár.

Hvaða þjónustu er borgin að veita fólki af erlendum uppruna?

„Upplýsingar og ráðgjöf um réttindi og skyldur fyrst og fremst,” segir Joanna. „Einnig færast það í vöxt að starfsmenn borgarinnar hafi samband til þess að fá upplýsingar og aðstoð við að þýða efni yfir á önnur tungumál,” bætir hún við.

Skiptir máli að borgin veiti sérstaka þjónustu til innflytjenda?

Barbara segir að það skipti miklu máli, og er hún og Joanna báðar í fullu starfi að sinna innflytjendum. Joanna segir að þær séu til að aðstoða innflytjendur. Þetta eru einstaklingar sem vita lítið um sínar skyldur og sín réttindi. Því

skiptir miklu máli að fólk sem er að flytja til borgarinnar eigi sér einhvern málsvara. Barbara bætir við að borgin ætti að búa til einn góðan upplýsingapakka fyrir alla þá sem flytja til Reykjavíkur hvort sem það er fólk frá Póllandi eða frá Dalvík. Fæstir vita hvert þeir eigi að leita til að sækja um hitt og þetta og hvar þjónustuna er að fá, þegar þeir flytji sig á milli staða.

Hvað getur borgin gert til að koma betur til móts við innflytjendur?

„Innflytjendamálar eru frekar ný af nálinni hér á landi. Skortur á upplýsingum á öðrum tungumálum en íslensku er helsta vandamálið,” segir Barbara. Upplýsingarnar eru oft óaðgengilegar fyrir fólk sem skilur ekki íslensku.

Komin í draumastarfið

Barbara segir að hlutfallslega séu fleiri innflytjendur atvinnulausir en Íslendingar. Flestir innflytjendur eru verkamenn á lægstu laununum, en fyrst og fremst skiptir það máli að þetta fólk hafi vinnu og þekki réttindi sín og skyldur. Mörg átaksverkefni eru í gangi og má þar nefna Vinnandi vegur sem er á vegum Vinnumálastofnunar. Í vor fengu u.þ.b. 25 Pólverjar vinnu sem tala litla íslensku og var markmiðið að dreifa þeim á sem flesta staði og þar með að fá þá til að tala íslensku og umgangast Íslendinga. Nokkuð hefur verið um fordóma þegar innflytjendur hafa verið að leita eftir störfum og er helsta skýringin slæm tungumálakunnáttu. Barbara segir að það skipti miklu máli að gefa þessu fólki tækifæri og ef það fær ekki vinnu með Íslendingum lærir það aldrei tungumálið. Pólsk stúlka fékk vinnu á leikskóla nú er hún fastráðin eftir þetta átaksverkefni. Hún var búin að sækja um á mörgum leikskólum og frístundaheimilum en fékk alltaf synjun vegna lítillar íslenskukunnáttu en núna eftir átaksverkefnið er hún komin í draumastarfið sitt!

Barbara telur mikvægt að borgin heldi áfram að gefa útlendingum kost á því að finna vinnu, þótt fólk skrifi ekki skýrslur á íslensku skiptir máli að gefa þeim tækifæri og efla samskiptin. Barbara bætir við að það væri frábært ef það væri einn innflytjandi í hverri þjónustumiðstöð, það væri einna helst það sem þyrfti að bæta. Einkum til þess að fólkið gæti rætt sín vandamál við einstaklinga sem hafa verið í nákvæmlega sömu stöðu og það sjálf.

Nýtt fjölmenningsarráð



Fulltrúar og varafulltrúar í fjölmenningsarráði.

Þann 12. nóvember sl. voru kynnt úrslit kosninga í fjölmenningsarráð Reykjavíkurborgar. Kosning fór fram dagana 8. - 10. nóvember.

15 einstaklingar buðu sig fram til setu í ráðinu. Ráðið er skipað 7 fulltrúum og kosið er til tveggja ára í senn eða til ársins 2014.

Þeir sem hlutu kosningu að þessu sinni eru: Candace Alison Loque (Filippseyjar), Aleksandra Chlipala (Pólland), Jessica Abby VanderVee



Frá kosningu.

(Bandaríkin), Harald Schaller (Þýskaland), Tung Phuong Vu (Víetnam), Juan Camilo Roman Estrada (Kolumbía), Josephine Wanjiru (Kenýa). Ráðinu er ætlað að vera ráðgefandi fyrir mannréttindaráð og aðrar stofnanir borgarinnar í málefnum innflytjenda. Hægt er að senda fyrirspurnir á fjolmenningar-rad@reykjavik.is og fylgjast með á fésbókarsíðu ráðsins. Mannréttindaskrifstofa óskar nýkjörnum fulltrúum fjölmenningsarráðs velfarnaðar í starfi.



Ungur temur – gamall nemur

Reykjavíkurborg hefur nú hafið tölvufærni námskeið í félagsmiðstöðvum borgarinnar annað árið í röð. Námskeiðin byggja á þeirri hugmyndafræði að yngri kynslóðin kennir þeirri eldri að nota tölvur og netið undir handleiðslu fullorðinna tölvufærra sjálfbodaliða. Námskeiðin byggja þannig brýr milli kynslóða. Gera þeim eldri kleift að öðlast tölvufærni og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þeirra, sjálfshjálpi og þátttöku í samfélaginu. Námskeiðin veita að sama skapi yngri kynslóðinni tækifæri til að miðla þekkingu sem þeim er svo sjálfsögð.

Upphaflega voru námskeiðin hluti af stærra verkefni á vegum Evrópu-



Á myndunum má sjá nemendur og kennara í félagsmiðstöðinni Aflagrandu.

sambandsins undir yfirskriftinni EG4U (E-government for you). Nú hefur Evrópusambandið hins vegar hætt þátttöku sinni í þessu verkefni og mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar tekið við umsjón þess. Námskeiðin hafa verið vinsæl og vel sótt sem sýnir að þörfin á slíkum námskeiðum er sannarlega fyrir hendi. Í haust hófu alls 7 félagsmiðstöðvar nám-



skeið í dyggri samvinnu við grunnskólana í hverfunum og eru þau á eftirtöldum félagsmiðstöðvum; Hæðargarði, Vesturgötu, Hvassaleiti, Bólstaðarhlíð, Hraunbæ, Aflagrandu og Gerðubergi.

Námskeiðin gætu varla gengið án sjálfbodaliða sem hafa haldið utan um námskeiðin og séð til þess að allt gangi vel fyrir sig. Sjálfbodaliðarnir eru flestir fyrrverandi starfsmenn Reykjavíkurborgar sem eru komnir á eftirlaun. Ef einhver hefur áhuga á að gerast sjálfbodaliði á tölvufærninámskeiðunum endilega hafið samband við Bjarndísi í síma 411-4152. Netfang hennar er bjarndis.arnardottir@reykjavik.is

Jafnréttisfræðsla fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi



Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar og skóla- og frístundasvið með stuðningi Jafnréttisstofu hafa tekið höndum saman um jafnréttisfræðslu fyrir kennara í leik- og grunnskólum og starfsfólk í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar. Þetta er tveggja ára verkefni sem ná mun til um 3.500 starfsmanna. Jafnréttisfræðslan er mikilvæg í ljósi þess að í nýrri aðalnámskrá

grunnskóla er jafnrétti ein af grunnsþáttum menntunar.

Hvernig fer fræðslan fram?

Haldnir eru fyrirlestrar og efnt til umræðu um jafnrétti á Íslandi á starfsmannafundum frístundaheimila, félagsmiðstöðva og leikskóla svo og á kennarafundum í grunnskólum. Fyrirlestrunum er ætlað að vera fræðandi en einnig að kveikja áhuga kennara og starfs-

Mannorð -nýtt nafn á fréttabréf mannréttindaskrifstofu



Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur efndi á vordögum til nafnasamkeppni fyrir fréttablað skrifstofunnar. Öllum hópum Vinnuskóla Reykjavíkur var boðið að taka þátt og voru verðlaun veitt fyrir bestu tillöguna. Hver hópur mátti senda inn eina tillögu og bárust fjölmargar frumlegar og skemmtilegar hugmyndir að nafni á fréttablaðið. Verðlaunatilagan MANNORÐ kom frá hópi 10. bekkinga úr Háteigsskóla og heitir höfundurinn Birgir Björn Ásgrímsson. Mannréttindaskrifstofan þakkar öllum sem tóku þátt fyrir og óskar sigurvegaranum innilega til hamingju.

fólks félagsmiðstöðva og frístundaheimila á málefninu.

Áherslur á fræðslufundunum eru með mismunandi hætti eftir því hvar fræðslan fer fram. Í grunn- og leikskólum er vakin athygli á þætti jafnréttis í aðalnámskrá og þeirri skyldu skv. lögum að fræða nemendur um jafnréttismál. Í félagsmiðstöðvum er fjallað um sjálfsmynd, kynhegðun og klámvæðingu. Sýnt er með dæmum

hvernig flétta má jafnréttisáherslur inn í kennslu og uppeldisstarf. Kynntur er upplýsingabanki um jafnréttismál og jafnréttisfræðslu þar sem finna má ýmislegt kennslu- og fræðsluefni ásamt hugmyndum að verkefnum um jafnrétti. Sjá má upplýsingabankann á slóðinni www.jafnréttiskolum.is. Upplýsingabankinn er og verður áfram í þróun og eru ábendingar um gott efni inn í hann vel þegnar.



Börnin á Nóaborg ferðast með vegabréf á milli deilda

Í lok apríl var haldin alþjóðavika leikskólans á Nóaborg. Þessa viku er lesið og sungið á ýmsum tungumálum, ýmiss konar letur skoðað, dansað eftir fjölbreyttri tónlist, rýnt í bókmenntir ýmissa þjóða o.s.frv. Áhersla er lögð á að örva öll skynfæri barnanna með fjölbreyttum upplifunum. Börnin njóta frelsisins sem alltaf skapast þessa viku og allir finna eitthvað við sitt hæfi.

Börnin ferðuðust með vegabréf á milli deilda leikskólans en þær voru nefndar eftir heimsálfunum Asíu, Afríku og Evrópu. Salurinn var svæði alls heimsins. Innan hverrar heimsálfu voru nokkur lönd með fjölbreytt verk efni í boði. Sem dæmi má nefna að í Malaví uppgötvuðu börnin hvað hægt er að gera með kartöflumjölki og vatni auk þess að kynna fiskum Malavívatns. Í Englandi máluðu börnin myndir með kaffi og tei. Í Kína reistu börnin Kínamúrinn úr föndurefni og sykurmolum. Alþjóðlegt bókahorn var vinsælt og skapaðist þar notalegt andrúmsloft

á meðan börnin skoðuðu m.a. Einar Áskel á arabísku og Línu Langsokk á kínversku. Á heimssvæðinu okkar var hægt að smakka bæði framandi og kunnuglega ávexti og búa til persónur, velja hvar í heiminum þær búa og hengja á heimskort. Börnin völdu sér fjölbreytt heimili en Afrika var mjög vinsæl auk þess sem nokkrir ákváðu að vera vísindamenn á Suðurskautslandinu. Að lokinni heimsókn í hvert land var límdur vídeigandi fáni í vegabréf barnanna.

Þátttaka foreldra í alþjóðavíkunni hefur aukist á hverju ári. Margir voru duglegir að ferðast og metþátttaka var í skrud- göngunni þetta árið. Að þessu sinni fór skrudgangan á nýtt grenndarsvæði Nóaborgar á Klambatrúni að skoða nýtt skilti með nafni leikskólans, farið var í leiki og gróðursett blóm. Síðasta daginn var hátíðarsöngstund þar sem börnin sungu með starfsfólki og foreldrum.



Listahátíðin List án landamæra hlaut mannréttindaverðlaun Reykjavíkur 2012

Listahátíðin List án landamæra hlaut mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2012. Mannréttindaverðlaunin eru veitt þeim einstaklingum, félagasamtökum eða stofnunum sem hafa á eftirtæktarverðan hátt staðið vörð um mannréttindi tiltekinna hópa. Markmiðið með mannréttindadeginum er meðal annars að

vekja athygli á þeim málum sem varða mannréttindi borgarbúa. Áður hafa hlotið Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar; Alþjóðahús, Rauði Kross Íslands, Blátt áfram og Hinsegin dagar. Mannréttindaráð ákvað á fundi sínum í október að á árinu 2013 verði einnig veitt mannréttindaverðlaun unga fólksins.



Aðgerðaráætlun gegn ofbeldi

Er það ásættanlegt að 42% íslenskra kvenna hafi verið beittar ofbeldi einhvern tíma á ævinni? Svarið er að sjálfsgöðu nei en það kemur fram í íslenskri könnun á kynbundnu ofbeldi að 42% íslenskra kvenna, eftir 16 ára aldur, hafa orðið fyrir hótunum, ofbeldi og kynferðislegum snertingum sem ollu vanlíðan. Fram kom í könnuninni að 4% kvenna höfðu orðið fyrir ofbeldi á síðustu 12

mánuðum. Það samsvarar því að 2.400 konur hafi verið beittar ofbeldi á síðustu 12 mánuðum. Rannsóknir og reynslan sýnir okkur að þeir sem verða fyrir ofbeldi búa oft við skerta heilsu bæði andlega og líkamlega. Ef 2.400 manns yrðu fyrir alvarlegum slysum af sömu orsökum á ári þá værum við búin að spýta í lófana og taka á því. Reykjavíkurborg ætlar að leggja sitt af mörkum til þess og borgar-

stjórn samþykkti aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum þann 19. júní. Áætlunin leggur áherslu á fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðir en einnig á þjónustu við brotþola. Í starfshópnum sem vann drög að áætluninni átti sæti fólk frá þeim sviðum borgarinnar sem vinna með einstaklingum sem hafa orðið fyrir ofbeldi eða búa við það, og fólk frá þeim sviðum sem vinna með börnum og ungmennum. Hópurinn leitaði bæði til fræðafólks í sinni vinnu og til grasrótarsamtaka sem hafa í gegnum tíðina unnið ómetanlegt starf í því að brjóta niður þann þagnarmúr sem umlukið hefur ofbeldi á Íslandi.

Seinni hluti aðgerðaráætlunarinnar snýr að börnum. Öll börn eiga rétt á vernd og umönnun og ekkert barn á að búa við ofbeldi eða vanrækslu. Ekkert okkar vill vita af barni í okkar samfélagi sem býr við ofbeldi og okkur á öllum að vera ljóst hvernig við þurfum að bregðast við.

Aðgerðaráætlunin miðast við að nota þær leiðir sem borgin ræður yfir til að fyrirbyggja ofbeldi svo

en einnig er lögð áhersla á að styðja við þolendur ofbeldis. Áætlunin leggur áherslu á samvinnu stofnana innan borgarinnar og við ríkið og félaga- og grasrótarsamtök sem vinna gegn ofbeldi. Aðgerðaráætlunina má skoða á vef borgarinnar.



Draumaverkefni um mann- réttindi fatlaðs fólks

Rannveig Traustadóttir prófessor og forstöðumaður Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum tekur um þessar mundir þátt í viðamiklu Evrópuverkefni sem snýr að því að rannsaka og innleiða nýjan mannréttindasáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks. Verkefnið ber heitið **DREAM**, Disability Rights Expanding Accessible Markets og er fjármagnað af Marie Curie mannaútsáætlun Evrópu-sambandsins um þjálfun ungra vísindamanna. Verkefnið er til þriggja ára (2011-2014) og felur í sér samstarf sjö háskóla og rannsóknastofnana í Evrópu. Fjórtán ungir vísindamenn, sem jafnframt eru doktorsnemar hafa verið valdir sem þátttakendur í verkefninu. Tveir af þessum ungu vísindamönnum/doktorsnefum hafa verið ráðnir við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum. Þetta eru tvær ungar konur frá Írlandi sem heita Ciara Brennan og Orla Kelly. Rannveig Traustadóttir prófessor í

fötlunarfræðum er aðalleiðbeinandi þeirra en hún situr jafnframt í stjórn DREAM verkefnisins og er ábyrgðarmaður þess hér á landi.

Nýr mannréttindasáttmáli

Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks tók gildi í maí 2008. Þessi ný mannréttindasáttmáli er viðtækur, hann leggur áherslu á jafnrétti og bannar mismunun á grundvelli fötlunar. Meginmarkmið hans er að koma á fullum og jöfnum mannréttindum fyrir fatlað fólk og í 1. grein segir: „Markmið samningsins er að stuðla að, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og mannfrelsi fyrir allt fatlað fólk og vinna að virðingu fyrir meðfæddri manngöfgi þess. Samningurinn lítur á fatlað fólk sem borgara, samfélagsþegna, þátttakendur, neytendur á markaði og aðila að samfélaginu en ekki sem óvirka þiggjendur góðgerðar og velferðar. Þann 1. Júlí 2012 höfðu 153 ríki undirritað mannréttindasáttmálann og 115 staðfest hann. Ísland er meðal þeirra þjóða sem hafa undirritað sáttmálann og undirbýr



Rannveig Traustadóttir prófessor

nú staðfestingu hans.

DREAM verkefnið um innleiðingu og framkvæmd

Stjórnvöld, hagsmunasamtök og fræðimenn um allan heim sameinast nú í því að innleiða ákvæði sáttmálans hvert á sínum stað. Jafnframt er lögð áhersla á að efla rannsóknir og þekkingu á sáttmálannum og fræða fólk um þær kröfur sem hann gerir til þeirra þjóða sem hafa undirritað hann og staðfest. DREAM verkefnið er liður í þessu starfi en meginmarkmið þess er að veita hópi ungs fólks í Evrópu fræðilega þjálfun og kennslu til að verða frumkvöðlar á sviði

stefnumótunar og rannsókna í málefnum fatlaðs fólks og geta aðstoðað Evrópusambandið og einstök Evrópulönd við innleiðingu mannréttindasáttmálans og hrinda ákvæðum hans í framkvæmd. Meiri upplýsingar um DREAM verkefnið má finna á slóðinni www.nuigalway.ie/dream

Fjórtán ungir vísindamenn sem jafnframt eru doktorsnemar hafa verið ráðnir í fullt starf í 3 ár (2011-2014) til að sinna rannsóknnum og þróa tillögur fyrir nýjar áherslur í stefnumótun, lagasetningu og framkvæmd í anda nýja mannréttindasáttmálans. Þessir vísindamenn vinna að ólíkum þáttum sáttmálans sem allir beinast að því að efla sjálfsákvörðunarrétt einnig að þátttöku, og aðgengi tryggja full mannréttindi, vinna gegn mismunun, þróa viðmið til að meta lagasetningar, vinna að stefnumótun, framkvæmd og þróun í anda sáttmálans, og margt fleira.

Íslenski hluti verkefnisins

Verkefni þeirra tveggja ungu vísindamanna sem starfa við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum beinist að 19. grein sáttmálans sem kveður á um réttinn til að lifa sjálfstæðu lífi án aðgreiningar í samfélagi. Felast rannsóknir þeirra í að rýna í stefnumótun og daglegt líf fatlaðs fólks og möguleika til samfélagsþátttöku. Annað verkefnið lýtur einkum að búsetu og stuðningsþjónustu fyrir fólk sem er með miklar og flóknar stuðningsþarfir og skoðar m.a. lokun sólahringsstofnana. Hitt verkefnið snýr að hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og notendastýrða persónulega aðstoð. Verkefnin eru unnin hér á landi og í öðrum Evrópulöndum og felast í eiginlegri rannsóknarvinnu, greiningu á stefnumótun og öðrum fyrirliggjandi gögnum, og tillögum varðandi innleiðingu og framkvæmd sem uppfylla kröfur sáttmálans. Hér á landi hefur Reykjavíkurborg verið meðal samstarfsaðila.

STÖNDUM SAMAN GEGN OFBELDI HEIMA, Í REYKJAVÍK OG AÐ HEIMAN

Í 16 daga átaki gegn ofbeldi hafa fulltrúar í mannréttindaráði og starfsfólk borgarinnar tekið höndum saman. Þau fjalla um kynbundið ofbeldi hver með sínum hætti á vef borgarinnar. Á hverjum degi á þessu tímabili birtist ljóð, lag, hugleiðing eða örsaga um efnið. Höfundar hafa valið sér myndskreyti til að vinna með.



SJÁLFSTÆÐI OG VAL ELDRA FÓLKS

Opinn fundur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar 10. desember

kl. 12.00 – 13.30 í lönó á alþjóðlegum degi mannréttinda

*Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir
Súpa og brauð í boði*

10. desember